

Kafli 6 – Samskiptasjónarhorn: merking og tákn

Spurningar úr efni bls. 153-154.

1. Hverjir eru upphafsmenn samskiptasjónarhorns í félagsfræði?
2. Hverjar eru áherslur samskiptasjónarhorns?
3. Samskiptasjónarhornið felur í sér sýn á einstaklinga sem eru sífellt að laga sig að athöfnum og breytni annarra. Hvað felur þetta í sér?
4. Hvað aðgreinir samskiptasjónarhorn frá átakasjónarhorni og samstöðusjónarhorni?
5. Hvernig tengist samskiptasjónarhorn andpósítífisma og fyrirbærafræði?
6. Hverjar eru helstu stefnur innan samskiptasjónarhorns?
7. Hvers vegna eru eigindlegar aðferðir mikilvægar innan samskiptasjónarhorns?
8. Hver er helsta gagnrýnin á samskiptasjónarhornið?
9. (Hópverkefni) Nú ætlið þið að rannsaka samskipti kynjanna, segjum í Bolungarvík eða í Vopnafirði (annars ráðið þið staðsetningunni, hún má ná yfir stærra svæði). Þið viljið e.t.v. afmarka þann aldurshóp sem þið ætlið að rannsaka? Hvað er það í samskiptum kynjanna sem þið viljið rannsaka? Hvernig gerið þið það með því að beita samskiptasjónarhorni? Hvaða annað rannsóknarefni væri athyglisvert að skoða út frá samskiptasjónarhorni?